

# Aðalskipulag Grindavíkur 2018 – 2032

Íbúðarsvæði ÍB3 Hraun og Vör – Breyting.

## Greinargerð breytingar

Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að á íbúðarsvæði ÍB3 verði bætt inn heimild til að byggja par- og raðhús við Laut, alls 7 íbúðir, til viðbótar við þegar tilgreinda þéttingarreiti innan íbúðarsvæðisins, sbr. *töflu 1 - Íbúðarsvæði í Grindavík* í kafla 2.1.1 *Íbúðarbyggð (ÍB)* í Aðalskipulagi Grindavíkur 2018 – 2032

Tafla 1. Íbúðarsvæði í Grindavík, fyrir breytingu

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	SKILMÁLAR
ÍB3	Hraun og Vör	30	Fullbyggt hverfi. Heimilt er að þetta byggð með því að byggja raðhús, einbýli eða parhús á fjórum lóðum sem staðsettar eru við gatnamót Baðsvalla og Efstahrauns og fjölbýlishús milli Staðarhrauns 24 og 13. Horfa skal til byggðamynsturs á aðliggjandi svæðum.

Tafla 1.eftir breytingu

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	SKILMÁLAR
ÍB3	Hraun og Vör	30	Fullbyggt hverfi. Heimilt er að þetta byggð með því að byggja raðhús, einbýli eða parhús á fjórum lóðum sem staðsettar eru við gatnamót Baðsvalla og Efstahrauns og fjölbýlishús milli Staðarhrauns 24 og 13. Einnig er gert ráð fyrir 7 nýjum íbúðum við Laut í par- og raðhúsum. Horfa skal til byggðamynsturs á aðliggjandi svæðum.

Engin breyting verður á afmörkun íbúðarsvæðis ÍB3 á aðalskipulagsupprætti.


Í drögum að deiliskipulagi frá árinu 2021, sem aldrei hlaut lögformlegt gildi, var svæðið ætlað undir íbúðarlóðir. Á svæðinu stóð áður leikskóli sem nú er horfin.

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Laut var kynnt samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

**Umhverfisáhrif:** Breytingin felur minniháttar fjölgun íbúða innan íbúðarsvæðis ÍB3 í par- og raðhúsum sem óveruleg áhrif á byggðamynstur og heildarþéttleika íbúðarsvæðisins. Breytingarsvæðið er 0,5 ha raskað, malarborið land. Áhrif á aðliggjandi byggð s.s. vegna útsýnis, skuggavarps og umferðar eru metin óveruleg, sbr. tillögu deiliskipulags sem auglýstvarsamhliða tillögu að aðalskipulagsbreytingu.



Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarráði Grindavíkurbæjar þann 14. júlí 2023.

Tillagan var auglýst frá 12. apríl 2023 til 31. maí 2023.

  
f.h. Grindavíkurbæjar



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga þann 8. ágúst 2023

Auglýsing um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



GRINDAVÍKURBÆR

VSÓ RÁÐGJÖF

Aðalskipulag Grindavíkur 2018 – 2032

Aðalskipulagsbreyting: ÍB3 Hraun og Vör

Verk: 22172	Blaðstærð: A4	Unnið: HTT	Rýnt: AK
Dags: 18.11.2022	Dags breytt: 19.06.2023		